

### **30. Frumvarp**

til laga um tilbúinn áburð.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, að taka í sínar hendur einkasölu á hverskonar tilbúnum áburði frá 1. okt. 1928. Þá er þetta hefir verið ákveðið er engum öðrum heimilt að flytja hingað til landsins tilbúinn áburð.

2. gr.

Meðan ríkisstjórnin annast útvegum tilbúins áburðar, er henni heimilt

að greiða úr ríkisstjóði þann kostnað sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð bæði frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

3. gr.

Áburðurinn er ekki útvegaður og seldur öðrum en hreppa- og bæjarfjelögum, búnaðarfjelögum og samvinnufjelögum bænda. Heimilt er að leggja á áburðinn alt að 5%. Það skal vera undantekningarlaus regla, að áburðurinn sje greiddur við móttöku. Að öðru leyti setur ríkisstjórnin, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, reglur um rekstur verslunarinnar.

4. gr.

Rekstrarfje til verslunar þessarar svo og allan annan kostnað við framkvæmd laga þessara greiðir ríkisstjórnin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í öllum aðalatriðum er frumvarp þetta samhljóða frumvarpi, sem borið hefir verið fram á undanförunum þingum, en hefir ekki náð fram að ganga. Er ástæðulaust að rekja hjer þær ástæður, sem bornar hafa verið fram áður um nauðsyn til þess að gera sjerstakar ráðstafanir til að auka notkun tilbúins áburðar og fella hann i verði. En þau tíðindi sem síðast hafa gerst hafa sist orðið til að draga úr nauðsyninni.

Af hálfu ríkisstjórnar og stjórnar Búnaðarfjelags Íslands var einn af stjórnarnefndarmönnum þess, Bjarni alþingismaður Ásgeirsson sendur utan til þess að kynna viðhorfi málsins þar. Skýrsla hans um þá för fer hjer á eftir:

Hinn 9. nóvember síðastliðinn fór jeg utan á vegum Búnaðarfjelags Íslands og ríkisstjórnarinnar, í þeim tilgangi að afla upplýsinga um framtíðarhorfur verslunar með tilbúinn áburð, og leita sambanda fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, við þau verslunarfjelög sem hefðu með höndum þau áburðarefni, sem líkur væru til að helst yrðu notuð hjer á landi. Fór jeg til Danmerkur, Þýskalands og Norögs, og kynti mjer mál þetta eftir því sem timi vanst til og föng voru á. Var jeg 5 vikur i ferð þessari og kom til Reykjavíkur aftur 13. desember s. l.

Fyrst sneri jeg mjer til sjerfræðinga Dana i áburðartilraunum og ljetu þeir mjer góðfúslega i tje upplýsingar um helstu nýjungar i áburðarframleiðslu og áburðartilraunum, og gáfu mjer góðar bendingar að því leyti, sem mjer ekki var kunnugt áður, hvað okkur Íslendingum mundi að líkum best henta á því sviði og hvert hentast mundi fyrir okkur að fara til áburðarkaupa.

Vil jeg i nokkrum dráttum gera grein fyrir horfunum um áburðarverslun okkar Íslendinga, eins og sakir standa. Sem kunnugt er, þá eru áburðarefni þrjú, köfnunarefni, fosforsýra og kali, nú aðallega seld einangruð i hinum ýmsu áburðartegundum (t. d. saltþjetur, superfosfat og kalísölt), og verður því að kaupa

allar þessar tegundir til að fá fullgildan alhliða áburð. Af þeim er köfnunarefnis-áburðurinn verðmestur og dýrastur, og skiftir mestu um hann að fá hin bestu og beinustu sambönd. Af þeim áburði eru nú á markaðinum fjöldamargar tegundir. Hinar mest notuðu eru Chilesaltþjetur, Noregssaltþjetur, þýskur kalksaltþjetur og brennisteinssúr stækja. Hin ódýrasta af þessum áburðartegundum er brennisteinssúr stækja, sje miðað við köfnunarefnisinnihald, enda er hún mjög mikið notuð í Danmörku. En henni fylgja þeir annmarkar að hún er fremur þung í upplausn, og því ekki hentug hjer á landi, þar sem loftslag er kalt og sumar stutt, og jurtirnar þurfa greiðan aðgang að ljettuppleysanlegum áburðartegundum allan vaxtartímann. Einnig eykur hún síru jarðvegarins og er því hentug þar sem jarðvegur er ekki súr, og greiður aðgangur er að kalki. Enda hafa tilraunir með þann áburð hjer á landi ekki gefið góðan árangur. Er því ekki ástæða til að gera ráð fyrir arðvænlegri notkun þess áburðar hjer á landi, fyr en nákvæmar rannsóknir sanna hið gagnstæða.

Chilesaltþjetur er góður ljettuppleysanlegur áburður, en hefir nú á síðari árum stöðugt dregist aftur úr í samkeppninni við norskan og þýskan saltþjetur, og er ekki gert ráð fyrir að hann verði altur samkeppnisfær hjer á Norðurlöndum. Þá eru eftir þýskur og norskur saltþjetur, sem undanfarin ár hafa náð síaukinni útbreiðslu og til þessa kept innbyrðis um markaðinn. Áburðartegundir þessar eru mjög svipuðum eiginleikum búnar og hefir þó hinn þýski að ýmsu leyti þótt hafa yfirburði. Nú síðastliðið haust gerðust þau tíðindi, að fjelög þau sem framleiða þessar áburðartegundir runnu að nokkru leyti saman, þ. e. skiftust á hlutabréfum innbyrðis og settu bæði fjelögin að nokkru leyti undir sömu stjórn. Er nú tilgangurinn að breyta framleiðslu norsku verksmiðjanna smátt og smátt í sama horf og hinum þýsku, og má gera ráð fyrir að hinn svokallaði Noregssaltþjetur sje innan skamms úr sögunni í þeirri mynd sem hann er nú. Söluþyrirkomulag fjelaganna verður nú þannig, að Norsk Hydro á að hafa með höndum heimasöluna í Noregi eingöngu, öll önnur sala ter í gegnum hendur þýska fjelagsins Stickstoff Syndikat, sem er grein af hinum mikla þýska hring, og hefir aðal-skrifstofu sína í Berlin. Þaðan verður utanlandssölu hinnar norsku og þýsku framleiðslu ráðstafað jöfnum höndum, og verð vitanlega hið sama. Þetta þyrirkomulag gengur þó fyrst í gildi fyrir árið 1929. Þegar árið 1928 er liðið er ekki nema í eitt hús að vanda eftir þeirri vöru, sem að öllum likum verður aðal-köfnunarefnisáburður okkar í framtíðinni.

Auk þessa verð jeg að geta nýjungar einnar sem er að gerast í áburðarframleiðslunni og búast má við að geti orðið okkur Íslendingum mikils virði. Hið áður nefnda þýska fjelag Stickstoff Syndikat hefir nú alveg nýskeyð byrjað að framleiða áburðarblöndu, sem samsett er af öllum áburðartegundum, köfnunarefni, fosforsýru og kalí. Blanda þessi er nefnd »Nitrophoska«, og er nokkuð mismunandi að efnainnihaldi. Ein tegundin svarar þó því sem næst til þeirra hlutfalla sem almennast eru notuð hjer á landi, þegar tilbúinn áburður er borinn á graslendi. Aðalkostur þessarar áburðarblöndu er hve sterk hún er, þ. e. hve mikill hluti hins aðflutta þunga yrði nothæfur áburður. Munar það svo miklu, að í 100 kg. Nitrophoska er álika mikið af áburði og 250 kg. af venjulegum áburðartegundum, og sparast þannig  $\frac{2}{3}$  hlutar alls flutningskostnaðar, bæði frá útlöndum

og eins við hinn langa og erfiða flutning innanlands, sem hjer mun ekki veða hvað minst. Þegar þar við bætist að áburður þessi er rúmlega 10% ódýrari en jafnmikill áburður í hinum áburðartegundunum. Leikur ekki vafi á því, að þetta muni verða langóðyrasti áburðurinn, kominn heim á íslenskan bóndabæ, og fram- tíðaráburður fyrir okkur Íslendinga, svo framfarlega að hann reynist öðrum áburðartegundum jafn-nothæfur, sem engin ástæða virðist að efast nm eftir efna- greiningunni og þeirri litlu reynslu, sem þegar er fengin um hann. En það er hið sama um hann að segja og kalksaltþjeturinn, hann er ekki að fá nema á þessum eina stað.

Af því sem þegar er sagt, verður það ljóst að mikill hluti af þeim áburði, sem ástæða er fyrir okkur Íslendinga að gera okkur hvað bestar vonir um, er nú að komast á eina hönd, svo að öll samkeðni um framboð er þar útilokuð. Nú sem stendur er það eitt aðal-áburðarverslunarfjelag Dana. »Dansk Góðnings- kompagní«, sem hefir einkasölu fyrir Ísland á þessum áburðarefnum. Ýms íslensk verslunarfjelög, t. d. S. Í. S., hafa gert ítarlegar tilraunir til að fá beint samband við Stöckstoff Syndikat fyrir Ísland, en árangurslaust. Nú fór jeg fram á það við fjelag þetta, að það veitti ríkisstjórn Íslands einkasölu fyrir landið, og gat þess að undirbúningur væri með að lögleiða ríkiseinkasölu með áburð á næsta Al- þingi. En eins og vitanlegt var fyrir fram, þá var allri áburðarverslun fyrir árið 1928 fullráðstafað þegar þetta var. En þar sem hins vegar nægur tími var til að taka ákvörðun um áburðarsölu fyrir árið 1929, þegar sjed yrði hvað Alþingi 1928 gerði um áburðarmálið, afreð forstjóri fjelagsins að biða með ákvarðanir um málið þangað til. Hins vegar benti hann mjer á að athuga vel hvort Íslandi mundi betra að fá áburðinn út af fyrir sig heldur en í sambandi við annaðhvort stærsta áburðarverslunarfjelag Dana, »Dansk Góðningskompagní« eða »Dansk Andelsselskab«. Hafði jeg síðan tal af forstjórum þeggja þessara fjelaga, og var verslunarsamband auðfengið hjá þeim báðum. En vegna ýmsra ákvæða í lögum Dansk Andelsselskab álit jeg viðskifti við það fjelag útilokuð, og kæmi þá til álita hvort hentara væri beint sjálfstætt samband við Stöckstoff Syndikat eða í sambandi við Dansk Góðningskompagní. Til skýringar skal þess getið, að verslun Dansk Góðningskompagní við Stöckstoff Syndikat var síðastliðið ár um hundrað sinnum meiri en notkun Íslands það ár, og viðskifti með önnur áburðarefni, svo sem kali og superfosfat, virðast sem stendur ekki vera hagkvæmari annarsstaðar. Þó að val um þetta geti að mínum dómi komið til álita, tel jeg samt sjálfsgagt að ríkisstjórnin sæki svo fast sem unt er, að ná beinu verslunarsambandi, og sleppi ekki þeim rjetti, ef fengist, þótt hagkvæmara kynni að þykja samband við aðra fyrst um sinn, á meðan áburðarverslun landsins er að aukast.

Þó að jeg samkvæmt því sem hjer er sagt, telji mig ekki hafa heimild til að bera ríkisstjórninni loforð Stöckstoff Syndikat um einkasölu fyrir Ísland, þá verð jeg að geta þeirrar persónulegu skoðunar minnar, að það mundi fást þegar svo væri komið að ríkisstjórnin hefði öll völd í máli þessu í hendi sinni, hvað innanlandsverslunina snertir. Hitt er mjög skiljanlegt, að fjelagið vildi hliðra sjer hjá að gefa ákveðin loforð um þetta fyrirfram og ýta þannig undir ákvörðun sem gæti verið mjög á móti skapi stóru viðskiftavina þess (D. GK.) og gat skoð- ast sem móðgun við það.

Jeg mun nú ekki lengja skýrslu þessa að sinni, en að einu leyfa mér að leggja til við hina háttvirtu ríkisstjórn, eftir að hafa athugað mál þetta, að hún beiti sjer eindregið fyrir að tekin verði ríkiseinkasala með tilbúinn áburð.

Byggi jeg tillögur mínar á eftirfarandi:

1. Ódýr innlendir áburður er eitt af aðal-skilyrðunum fyrir skjótri og arðvænlegri ræktun og aukinni framleiðslu landbúnaðarins.
2. Um áburðarefni alment er óhætt að fullyrða það, að til að geta komist að sem bestum kaupum á þeim er nauðsynlegt að kaupa þau í einu lagi, þar sem áburðarverslun okkar er enu svo hverfandi lítil, að skifting innkaupanna á margar hendur við ýmsar verslanir einungis spillir okkar samningsaðstöðu sem fyrirfram er nægilega erfð.
3. Um þýskan köfnunarefnisáburð og hina nýju áburðarblöndu Nitrophoska er það auk þess sjerstaklega að segja, að eina hugsanlega leiðin til að fa þau beint frá framleiðslustöðunum, er að koma á ríkiseinkasölu með áburð.
4. Þó að það ekki takist, eða t. d. samband við Dansk Göðningskompagni þætti að einhverju hentugra, er engu síður nauðsynlegt fyrir ríkið, að ná einkasölu hjá Dansk Göðningskompagni, sem hefir eitt með höndum sölu á þessum áburðartegundum fyrir Ísland, því að annars mætti eiga á hættu að einstakir menn eða verslunarfelög næðu henni fyrir sig og fengju á þann hátt óeðlilega mikið vald yfir versluninni með þessa nauðsynjavöru íslensks landbúnaðar, þar sem hann væri ekki annarstaðar að fá.
5. Til að lækka flutningskostnaðinn til landsins er nauðsynlegt að sameina áburðar-innflutninginn á eina hönd, svo að hægt yrði að lesta sjerstök skip undir hann. Mun það ætíð reynast ódýrara og auk þess hagkvæmara viðvikjandi skiftingu áburðarins á hafnir kring um land.

Einsætt virðist mér að ríkisstjórnin hafi yfirumsjón með allri þeirri sameiningu sem hjer er gert ráð fyrir með áburðarverslunina, ráði nokkru um álagningu og annað er máli skiftir, hverjum sem hún kynni að fela framkvæmdir fyrir sig.

Virðingarfylst,

Reykjum, 20. desember 1927.

Bjarni Ásgeirsson.

Til Stjórnarráðs Íslands.  
(Atvinnumálaráðuneytið).